



# KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



## GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

**Apótek**  
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins [KGP.IS](http://KGP.IS)

34. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 17. október 2024



### Laxaolía

Styður við heilbrigða  
húð og feld



Komdu með  
fasteignina þína  
í sölu hjá okkar.

Fyrir hverja eign  
styrkjum við  
Bleiku slaufuna.

Hringdu og  
kynntu þér málið:  
520 9595



**FLATEY**  
PIZZA NAPOLETANA  
Garðatorgi 6. S.568 2666



## Ferð bæjarstjóra og sviðsstjóra um bæinn lokið



Fyrsti fundurinn af þremur í ferð bæjarstjóra og sviðsstjóra um Garðabæ var í Álfтанesskóla

Líðan barna í Garðabæ, almennings-  
göngur, fráveitumál, iþróttaiðkun ungmenna í  
bænum, vegakerfið, framkvæmdir, fasteigna-  
markaðurinn og fjármál Garðabæjar var meðal  
þess sem var til umræðu á tveimur íbúafund-  
um sem haldnir voru í Garðabæ undanfarna  
daga, annars vegar í Álfтанesskóla í síðustu  
viku og hins vegar í Flataskóla sl. mánudag,

en þriðji og síðasti fundurinn var haldinn í gær  
í Urriðaholtsskóla en þá var Garðapósturinn  
kominn í prentun.

Yfirskrift fundanna var „Hvað er að fréttu í  
Garðabæ“ og bauð Almar Guðmundsson bæj-  
arstjóri Garðabæjar ásamt sviðsstjórum bæjar-  
ins áhugasömum íbúum til samtals. (frh. á bls. 2).

KOMINN TÍMI  
Á SKOÐUN?

Verið velkominn  
með bílinn í skoðun,  
þið finnið næstu  
skoðunarstöð á  
[frumherji.is](http://frumherji.is)

**HAFID**  
FISKVERSLUN  
- Gæðin skipta máli -  
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

**YUZU** HEFUR OPNAÐ Í  
LITLATÚNI, GARÐABÆ  
"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

**LEMON**  
MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

**30%  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR**



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boróplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

# Mikilvægt að fá sterka þróunaraðila með ríki og okkur inn í framvinduna á svæðinu og þar með eignarhald á fasteignum

- segir Almar Guðmundsson, bærstjóri sem hefur sent erindi til fjármála- og efnahagsráðherra, forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra þar sem óskað er eftir samráði við Garðabæ um framtíð og skipulag Vífilsstaðasvæðisins þar með talin framtíðarnýtingu fasteigna á Vífilsstöðum sem eru í eigu ríkisins

Almar Guðmundsson, bærstjóri í Garðabæ hefur sent erindi til fjármála- og efnahagsráðherra, forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra þar sem óskað er eftir samráði við Garðabæ um framtíð og skipulag Vífilsstaðasvæðisins þar með talin framtíðarnýtingu fasteigna á Vífilsstöðum sem eru í eigu ríkisins.

Rúmlega 7 ár eru liðin síðan samningur var undirritaður á milli Garðabæjar og ríkissjóðs um kaup Garðabæjar á alls 202,4 hektarar landssvæði í kringum Vífilsstaðaspítala, svæði austan Vífilsstaða (Skyggirir), núverandi golfvallarsvæði GKG, friðland í Vífilsstaðahrauni og Rjúpnahæð á mótis við Kjóavelli og var kaupverðið 558,6 milljónir króna, en það byggðist á mati á grunnverði landsins sem aðilar stóðu sameiginlega að. Í samkomulaginu var einnig ákvæði um að til viðbótar kaupverðinu eigi ríkið rétt á hlutdeild í ábata af sölu byggingarréttar á svæðinu.

Þess má geta að framkvæmdarfélagið Amrahvoll bauð tæplega 3,3 milljarða króna í allar lóðirnar í fyrsta áfanga í Vetrarmýri, og enn á eftir að bjóða út tvo áfanga til viðbótar í Vetrarmýri.

Tekið var fram í samningnum sem voru undirritaðir árið 2017 að allar húseignir ríkisins á Vífilsstöðum væru undanskildar og átti að gera lóðarleigusamning um eignirnar. Með kaupnum á landinu tryggði Garðabær sér forræði yfir eignarhaldi landsins, sem auðveldar bæjarfélaginu að vinna að gerð skipulagsáætla fyrir svæðið.



„Hlutverk Garðabæjar í málinu er fyrst og fremst að leggja fram framtíðarsýn og fá öflugra aðila, ríki og fleiri, með í að þróa svæðið. Eignarhald okkar á fasteignum er ekki aðalatriðið,“ segir Almar

lega hvernig svæðið verður nýtt. Þarna er þegar mikilvæg fræðslustarfsemi á vegum Garðabæjar og Hjallastefunnar sem við viljum hlúa áfram að. En þarna eru margvísleg tækifæri í skipulagi sem þarf að ræða og vinna að.“

Ög Garðabær hefur nú þegar selt byggingarlóðir fyrir nokkra milljarða í Vetrarmýri, hvað verð hafið þið fengið fyrir þessar lóðir og hver er hlutur ríkisins af ábatanum af sölnunni? „Landið í Vetrarmýri var í eigu Garðabæjar og allar tekjur af því renna því til okkar. En þegar um er að ræða sölu lóða á Vífilsstaðalandinu sjálfu skiptist ábatinn á milli Garðabæjar og ríkis samkvæmt samningnum sem gerður var 2017.“

Að lokum, hvað finnst þér skipta mestu máli í þeirri vinnu sem framundan er varðandi Vífilsstaði? „Þróun svæðis og framtíð verður að liggja fyrir sem fyrst þannig að íbúar Garðabæjar, t.d. nýir íbúar í Vetrarmýri og Hnoðraholti þegar þar að kemur, sjái að uppbygging fari af stað. Þetta er stórt verkefni en áriðandi að fyrstu skrefin verði stigin sem fyrst. Ég kalla eftir áhuga íbúa og dugmikilla þróunaraðila og er sannfærður um að þau komi með snjalla sýn og auka orku inn í verkefnið,“ segir Almar að lokum.

Garðapósturinn heyrði í Almari og spurði hann nánar um erindið sem hann sendi ráðherrunum í síðustu viku og hver tilgangurinn væri með því? „Vífilsstaðir eru perla í bærlandinu með sterka sögulega skírskotun. Nú er komið að því að móta framtíðarsýn svæðisins og uppfæra skipulag. Svæðið býður upp á margþætta möguleika enda er staðsetningin einstök. Með bréfinu er ég að kalla eftir samvinnu við ríkið um næstu skref, enda eru fasteignirnar á svæðinu að langmestu leyti í þeirra eigu.“

Hefur Garðabær áhuga að eignast ríkiseignirnar á Vífilsstöðum, hvaða eignir eru þetta fyrir utan Vífilsstaðaspítala, hvað vill þá Garðabær gera við þær, nýta eða rífa og yrði það ekki bara aukinn kostnaður fyrir Garðabæ að reka og viðhalda þessum fasteignum? „Um er að ræða flestar eignirnar á Vífilsstaða-

torfunni, en þarna eru líka byggingar í eigu Garðabæjar og Hjallastefunnar. Við viljum móta sameiginlega sýn með ríkinu um framtíðareignarhald á fasteignum ríkisins þarna. Ég sé það þannig fyrir mér að mikilvægt sé að fá sterka þróunaraðila með ríki og okkur inn í framvinduna á svæðinu og þar með eignarhald á fasteignum. Svo þarf líka að horfast í augu við margar þeirra eru í slæmu ástandi. Hlutverk Garðabæjar í málinu er fyrst og fremst að leggja fram framtíðarsýn og fá öflugra aðila, ríki og fleiri, með í að þróa svæðið. Eignarhald okkar á fasteignum er ekki aðalatriðið í því.“

Er hugmyndin að Vífilsstaðaspítala verði lokað þegar nýtt þjóðarsjúkrahús verði komið í notkun árið 2029 eins og gert er ráð fyrir og viljið þið þá vera búin að tryggja nýja starfsemi fyrir húsið? „Það er ríkisins að svara fyrir núverandi notkun á húsinu. Við teljum skyldu okkar

að spítalabyggingin verði áfram í öndvegi á svæðinu og vitum að hún hentar síður fyrir nútíma heilbrigðisþjónustu. Það þarf því að finna framtíðarnotkun fyrir húsið sem hæfir því og tryggir að það verði þarna áfram í öndvegi. Það eru ýmsar aðrar leiðir að því markmiði en að Garðabær eignast húsið.“

Ög er eitthvað landssvæði enn í landi Vífilsstaða sem ríkið á og Garðabær vill eignast? „Nei“

Hvernig sjáið þið framtíðarskipulag Vífilsstaðalands, sérstaklega við og kringum Vífilsstaðaspítalann í átt að Vífilsstaðavatni og Reykjanesbrautinni? „Það liggur aðeins fyrir rammaskipulag fyrir svæðið og nú er undirbúningur hafinn að frekari skipulagsvinnu sem við teljum æskilegt að hafa samráð við ríkið um. Það er því búið að skilgreina nákvæm-

**FRÍMANN & HÁLFDÁN**  
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann  
897 2468

Hálfán  
898 5765

Ólöf  
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is

Framhald af forsiðu Ferð bærstjóra og sviðsstjóra um bæinn lokið

## Fjöldinn allur af ábendingum og hugmyndum frá íbúum

Það er óhætt að segja að fundirnir hafi verið vel heppnaðir þar sem fjöldinn allur af ábendingum og hugmyndum frá íbúum komu fram á fundinum.

Á fundinum í Flataskóla undirstrikaði Almar að það væri ánægjulegt að sjá íbúa Garðabæjar láta sig nærumhverfi sitt varða en undanfarin ár hefur hann lagt mikla áherslu á að halda íbúafundi með reglulega millibili og þannig stofna til samtals við bæjarbúa.

Fyrir áhugasama sem ekki komust á fundina verður hægt að horfa á upptökur af þeim síðar á vef Garðabæjar.



Á fundunum fengu íbúar tækifæri til að fara yfir það sem þeim lá á hjarta, taka til máls og bera fram fyrirspurnir

## Vetrarlínan frá Ten Points

er komin í verlanir og vefversun

Ten Points Pandora 36.990 kr.

Ten Points Pandora 35.990 kr.

Ten Points Mimmi 32.990 kr.

apríl

Garðatorg 6, sími 551 5021 | Kringlan, sími 551-5024 | [aprilskor.is](http://aprilskor.is)



# Nýr Audi Q7 TFSI e

3,0 lítra V6 bensínvél með allt að 82 km drægni á rafmagni\*

390 (55) til 490 (60) hestöfl

Loftþúðafjöðrun

Dráttargeta 3500 kg.

Yfirburðar hljóðeinangrun





\*skv. WLTP

Verð frá: **14.690.000 kr.**

8 Ára ábyrgð  
á rafhlöðum

5  
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu

 Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk.  Sími 590 5000  [www.hekla.is](http://www.hekla.is)  
Höldur Akureyri  Bílasala Selfoss  Bílakjarninn Reykjanesbæ

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

**Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 24. október**

Síðasti skiladagur föstudaginn 18. október  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

**Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is**

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA  
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

**Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað**



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésón  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

**Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is**

ÚTFARARSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

# K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is  
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**

**Facebook.com/Gardaposturinn.is**

**Instagram.com/Gardaposturinn**

## Atriði númer eitt er Flóttamannvegurinn

### Bæjarstjóri bauð lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra á rúntinn

„Mér fannst þetta tilvalið í ljósi þess að við vorum með fyrirhugaða íbúafundi, að hitta þau bæði og fara aðeins yfir öryggismálin í samgöngum bæjarins,“ segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar sem fór á dögnum með þeim Jóni Viðari Matthíassyni og Höllu Bergþóru Björnsdóttur, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins í biltúr um Garðabæ.

**Vill tryggja umferð neyðarbíla áður en formleg opnun verður út á Flóttamannveginn**

„Atriði númer eitt var auðvitað Flóttamannvegurinn, en við ræddum einnig við þingmenn kjördæmisins um hann í kjördæmaviku. Flóttamannvegurinn og opnun út á hann frá Urriðaholti er stórt öryggis og hagsmunamál Garðabæjar. Þetta mál er alltaf á dagskrá. Mér fannst mikilvægt að sýna þeim hvar við ráðgerum að útkeyslur verði og hvort hægt sé að útfæra þær þannig að umferð neyðarbíla sé tryggð áður en formleg opnun verður út á veginn.“

**Almar segir Garðabæ hafa haft náið samstarf með bæði lögreglu og slökkviliði vegna öryggismála bæjarins en að það hafi verið gott að skerpa aðeins línurnar.** „Samtalið við Vegagerðina er enn í fullum gangi um Flóttamannveg og



Almar ásamt Höllu Bergþóru og Jóni Viðari í Urriðaholti. „Samtalið við Vegagerðina er enn í fullum gangi um Flóttamannveg og við leggjum mikla áherslu á að vegurinn fái forgang innan samgönguáætlunar,“ segir Almar

við leggjum mikla áherslu á að vegurinn fái forgang innan samgönguáætlunar. Það gerðum við þingmönnum alveg ljóst. Ég finn það að málið þokast í rétta átt og að þessu er sýndur skilningur. En núna þarf líka að fara að klára þessi mál á sómasamlegan hátt og við höldum Vegagerðinni við efnið áfram, meðal annars á fundi í þessari viku.“

Almar, Halla Bergþóra og Jón Viðar skoðuðu einnig nýjan aflaggjara á Álfanesvegi og vegaoöryggismál tengd Þryðahverfinu.



## Garðabæjargala á Garðatorgi 7

Laugardaginn 26. október fyllist Garðatorg 7 af fallegum tónum en Garðabæjargala í samstarfi við Óperudaga hefst klukkan 14. Óperusöngvarar munu flytja perlu óperubókmenntanna í einstökum hljómburði og fjölskyldan til að mæta saman á viðburðinn. Í fyrra fór óperuganga fram og þá heilluðust söngvararnir af rýminu og úr varð að halda sérstaka galatónleika einmitt í einstöku glerhýsinu á Garðatorgi 7. Aðgangur er ókeypis og öll hjartanlega velkomin.



## Nýja brúin komin í gagnið

Framkvæmdum við endurnýjun á göngubrúnni í friðlandi við Víflsstaðavatn er lokið og hefur nýja brúin verið tekin í notkun. Upprunalega var umrædd brú smíðuð á staðnum árið 1994 af þáverandi smið bæjarins, Guðmundi Jónssyni. Sumarið 2022 kom í ljós að komin var tími á endurnýjun brúarinnar og var ráðist í framkvæmdina í lok ágúst.


Framkvæmdin var á vegum Garðabæjar og Umhverfisstofnunar. Sameiginleg umsókn Garðabæjar og Umhverfisstofnunar vegna endurnýjunar á brúnni hlaut styrk úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru.

### Friðland í þéttbýli

Umhverfis Víflsstaðavatn er útivistarstígur sem er um 2,6 km að lengd, þar af er göngu-brúin vestan við vatnið.

Víflsstaðavatn og nágrenni hefur löngum verið einn vinsælasti viðkomustaður höfuðborgarsvæðisins meðal náttúruunnenda enda um mikla útivistarparadís í þéttbýli að ræða. Svæðið var friðlýst árið 2007 með það að markmiði að vernda vatnið, lífríki þess og nánasta umhverfi ásamt því að treysta svæðið sem útivistarsvæði.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að gera svæðið aðgengilegt fyrir alla. Fræðsluskiltum hefur verið komið upp á svæðinu um



lífríki vatnsins, fugla við vatnið og gróður. Hornsilin í vatninu eru heimsfræg, en þau eru sérstök að því leyti að þau skortir kviðgadda. Fuglalífið er fjölskrúðugt, töluvert af andfuglum verpa við vatnið. Flórógóinn hin síðari ár og möfuglar um-

hverfis það. Þá eru útivistabekkir meðfram stígnum og þakskýli. Gamla bryggjan var endurgerð vestan við vatnið árið 2005 til að auðvelda aðgengi fatlaðra. Bryggjan var endurbýggð á gömlu bryggjustæði.



D

# Þælingum í pólitík

## Sjálfstæðisstefnan

Miðvikudaginn 23. október kl. 18:00,  
Sjálfstæðisheimilinu, Garðatorgi 7.



Sjálfstæðisfélag Garðabæjar



Viktor Pétur Finnsson  
formaður SUS

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir  
ráðherra og þingmaður

Óli Björn Kárason  
þingmaður

# Gefa hestavörum nýtt líf

Töltari og Stallur hafa opnað verslun á Garðatorgi með nýjar og notaðar hestavörur



Nú er hægt að kaupa nýjar og notaðar hestavörur á Garðatorgi

Töltari og Stallur hafa opnað nýja verslun á Garðatorgi 3 í Garðabæ, en þar geta hestamenn keypt sér nýjar og notaðar hestavörur. Í raun eru þetta tvær verslanir í einni verslun s.s Töltari og Stallur.

„Stallur.is er hringrásarverslun fyrir hestamenn, bóndann eða útivistarfólkið, sem býður almenningi upp á leigu á þremur tegundum af stöllum að eigin vali, en Töltari/Stallur tekur 20% sölubókun,“ segir Gunnhildur Ýrr Jónasdóttir eigandi verslunarinnar, en meðeigandi hennar er Þuríður Ásta.

## Eitthvað sem hestafólki hefur vantað

„Þetta er eitthvað sem hestafólki hefur vantað, það þekkja allir manna best hvað getur safnast mikið af hestavarni, margir fá spons og eiga of mikið dót og hversu þægilegt er að geta selt vöruna sína í gegnum þriðja aðila,“ segir hún og bætir við: „Við erum með fataslá, hillur, króka og hnakkstanda, það er nóg pláss fyrir fólk að koma með hnakkana sína, líka þótt að viðskiptavinur leigir hnakkstand og er með

fleiri en 2 hnakka þá þarf viðskiptavinur ekki að leigja fleiri hnakkstanda, nóg er að leigja einn og starfsmaður Stalls skiptir út ef þess þarf.“

## Allir græða á þessu

„Við viljum gefa hestavörum nýtt líf og nýta þær leiðir til að endurnýja það sem við eigum, allir græða á þessu. Leigjandi Stalls þarf ekki að hugsa um neitt. Stallur býður uppá myndatöku fyrir varning, reiðtygs þrif og margt fleira. Við viljum að þetta sé einfalt, þægilegt og minna stress. Töltari er umboðsaðili Tøltisaga og selur nýja hnakka frá þeim. Töltari er með nýjar vörur. Þar á meðal reiðfatnað merkt sér, reiðtygi og fódurbæti,“ segir Gunnhildur „Hestamenn, bændur og útivistarfólk hafa núna aðgang að hringrásarverslun, þetta er því tækifæri fyrir þau að taka til í kringum sig og græða á varningi sínum. Eina sem þau þurfa gera er að slaka á og fá 80% af sölu sinni.“

Þær Gunnhildur og Þuríður bjóða einnig fólk utan höfuðborgarsvæðisins að senda vörur til þeirra sem þær koma fyrir og stilla upp í verslun sinni á Garðatorgi.

# Við eigum enn fleiri

## tækifæri til að styrkja svæðið

- segir Almar Guðmundsson bærstjóri en málefni Garðatorgs og fyrirhugað uppbygging á torginu var kynnt í bæjarráði sl. þriðjudag



Almar Guðmundsson, bærstjóri í Garðabæ kynnti málefni Garðatorgs og fyrirhugaða uppbyggingu á torginu á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag.

Gerð hafa verið drög að verkefnislýsingu vegna tillögu að breytingu deiliskipulags Miðbæjar, sem eru í skoðun í skipulagsnefnd. Jafnframt er í vinnslu viljayfirlýsing milli eigenda Garðatorgs 1 og Garðabæjar um uppbyggingu á svæðinu, en á Garðatorgi má m.a. finna Hönnunarsafn Íslands, Bónus og Gróskusalinn. „Ég er mjög ánægður að sjá hvernig Garðatorgið hefur

þróast og þeim fjölgar alltaf sem eiga erindi á torgið. Hér er fjölbreytt og góð þjónusta, allt frá heilbrigðisþjónustu yfir í snyrtingu, fataverslanir, matsölustaði, blússandi menningu og líkamsrækt. Og auðvitað margt fleira. Við vitum samt að við eigum enn fleiri tækifæri til að styrkja svæðið og nú undirbúum við samstarf við fasteignafélagið Heima, sem er eigandi Garðatorgs 1, um uppbyggingu. Við munum líka ræða áfram við verslunareigendur og íbúa á svæðinu til að þetta raðirnar og samræma sýnina til framtíðar,“ sagði Almar við Garðapóstin.

## Áætlað framlag Garðabæjar til heilbrigðiseftirlitsins er kr. 19.693.055

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins varðandi starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 ásamt tillögum að gjaldskrá, en þar er ætlað framlag Garðabæjar er kr.

19.693.055. Bæjarráð vísaði bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 og gjaldskrá heilbrigðiseftirlits til afgreiðslu bærstjórna.

## Bæjarmolar



## Garðabæjarlistinn vill vita um greiðslur til fasteignasala

Garðabæjarlistinn hefur lagt inn fyrirspurn til bæjarráðs varðandi greiðslur til fasteignasala. Hversu mikið hefur Garðabær greitt fyrir þjónustu fasteignasala á síðastliðnum fjórum árum. Óskað er eftir sundurliðun á milli ára ásamt sundurliðun verkefna/eigna. Bæjarráð hefur falið bærstjóra að svara fyrirspurninni.

Á fundinum lagði Garðabæjarlistinn einnig inn fyrirspurn varðandi samninga Garðabæjar um greiðslumiðlun og er málið til skoðunar hjá fjármála- og stjórnsýsluviði.

## Uppbygging lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara

Öldungaráð Garðabæjar hefur samþykkt fundarboð Sjómannadagsráðs, Hrafnistu og Naustavara þar sem fara á yfir sjónarmið vegna uppbyggingaráætlunar á lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara og það starf sem unnið hefur verið að á síðustu mánuðum tengt uppbyggingu lífsgæðakjarna.

# FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR 2025

## LEITAÐ TIL ÍBÚA EFTIR ÁBENDINGUM OG TILLÖGUM

Garðabær leitar til íbúa varðandi gerð fjárhagsáætlunar 2025. Ábendingar geta snúið að tillögum til hagræðingum, nýjum verkefnum og verkefnum sem leggja þarf áherslu á. Opið er fyrir ábendingar til 4. nóvember 2024. Allar ábendingar verða teknar til skoðunar milli umræðna í bærstjórn Garðabæjar.

### SAMRÁÐSGÁTT Á GARDABAER.IS

Á vef Garðabæjar, gardabaer.is, er hægt að fara inn á samráðsgátt til að senda inn ábendingar. Þar er einnig hægt að færa rök fyrir og setja inn athugasemdir við tillögur sem íbúar setja inn. Ábendingar má einnig senda inn í gegnum skráningarform á vef Garðabæjar.

### ÁBENDINGAR GETA SNÚIÐ AÐ:

- Tillögum til hagræðingar í starfsemi Garðabæjar
- Nýjum verkefnum sem bærinn ætti að sinna
- Verkefnum sem leggja þarf áherslu á í starfsemi bæjarins

<https://www.gardabaer.is/stjornsysla/fjarmal/fjarhagsaaetlanir/fjarhagsaaetlun-abendingar-ibua/>





*Jólahlaðborð Fjörúkrárinna  
hefst 15 nóvember*

*Bókanir og fyrirspurnir: [birna@fjorukrain.is](mailto:birna@fjorukrain.is)*



*Víkingasveitin okkar spilar  
fyrir matargesti*



*Einar Ágúst tekur við  
eftir borðhald*



# Unga fólkioð fékk að njóta sín á Rökkvunni

Listahátíðin Rökkvan fór fram laugardaginn 12. október á Garðatorgi.

Fjölskyldur tóku þátt í dagskrá frá klukkan 14 en Ingibjörg Fríða og Sigurður Ingi leiddu tónlistarsmiðjuna Klapp klapp, stapp stapp. Þá kom Rökkvubandið fram og gláði unga sem aldna með frábærum flutningi.

## Stórsveitin er einn af gimsteinum Garðabæjar

Fjölskyldudagskránni lauk svo með Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar undir stjórn Braga Vilhjálmssonar en sveitin

hefur verið í endurnýjun og margir meðlimanna voru að leika með sveitinni í fyrsta sinn. Það er ljóst að stórsveitin er einn af gimsteinum Garðabæjar. Að venju fór lista- og handverksmarkaður fram á torginu sem og myndlistarsýning í Gróskusal.

## Gestir þakklátir fyrir vel heppnaðan viðburð

Um kvöldið var boðið upp á stórtónleika þar sem Kusk og Óviti, KK, Jóipé og GDRN komu fram og Garðabæingar á öllum aldri nutu saman og alveg ljóst að gestir voru þakklátir fyrir vel heppnaðan viðburð.

Listrænir stjórnendur Rökkvunnar voru að þessu sinni Einar Örn Magnússon og María Bóel Guðmundsdóttir. Rökkvan var stofnuð af ungum í Garðabæ sem mynduðu Rökkvubandið og þeirra hugmyndir eru hafðar að leiðarljósi þ.e. að ungt fólk fái að njóta sín, koma fram, sýna en líka njóta þess að hlusta á reyndari tónlistarmenn.

Það er menningar- og safnanefnd Garðabæjar sem stendur að Rökkvunni og listrænum stjórnendum til fulltingis er Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi. *Ljósmyndir: Ernir Ómarsson og Garðapósturinn.*







# Samstarfssmningur við Samhjálp um þjónustu við heimilislauða einstaklinga

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku voru lagð fram drög að samstarfssamningi um þjónustu Samhjálpar við heimilislauða einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

Gert er ráð fyrir að fjárframlag Garðabæjar sverði kr. 978.238, sem er 7,83% af heildarfjárhæð samningsins. Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi samningsdrög, með fyrirvara um að aðrir samningsaðilar geri slíkt hið sama. Málinu er vísað til velferðarsviðs til frágangs.



## Íþróttahúsið á Álftanesi verður Kaldalóns-völlurinn

UMFÁ vill nefna íþróttahúsið á Álftanesi heiti Kaldalóns fasteignafélags, sem er styrktaraðili körfuknattleiksdeildar UMF Álftaness og hefur félagið þar af leiðandi sent beiðni til bæjarráðs Garðabæ þar sem óskað er eftir leyfi til að breyta nafninu.



Bæjarráð tók jákvætt í erindið og fól bæjarstjóra útfærslu málsins í samráði við fulltrúa UMF Álftaness, en eins og bæjarbúar og íþróttáhugamenn vita að þá hefur leikvöllur Stjórnunar í knattspyrnu löngum verið Samsung-völlurinn, handknattleiksdeild Stjórnunar gerði nýlega samning við Heklu um að keppnisvöllur þeirra í Mýrinni beri nafnið, Heklu-höllin og þá fara leikir meistara- og yngri flokka Stjórnunar fram í íþróttahúsinu Ásgarði sem ber nafnið, Umhyggjuhöllin.

## Bleiki dagurinn

Fólk er hvatt til þess að klæðast bleiku í tilefni dagsins

Bleiki dagurinn er hluti af Bleikum október sem er árvegni- og fjárfunaráttak Krabbameinsfélagsins.

Bleiki dagurinn er haldinn miðvikudaginn 23. október og er þá fólk hvatt til þess að klæðast bleiku til stuðnings Bleiku slaufunni, árlegu átaksverkefni tileinkað baráttunni gegn krabbameinum hjá konum.



# Kvenfélag Garðabæjar fyrir allar konur í Garðabæ

Vetrarstarfið er hafið



Kvenfélag Garðabæjar er með fundi fyrsta þriðjuddar mánaðarins yfir vetrarmánuðina á Garðaholti og var fyrsti fundur vetrarins 1. október sl. Gestur fundarins var Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar og fjallaði hún um gróskuna í menningarlífi Garðabæjar og hina mörgu þræði menningarfulltrúa. Boðið var upp á fiskisúpu frá Brasserie Kársnes í Kópavogi.

Á félagsfundum er lögð áhersla á fróðleik og skemmtun í bland en ekki síst að konur fái tækifæri til að blanda geði hver við aðra. Við höfum fengið marga góða gesti í gegnum árin, svo sem kynningu frá Húsgagnaverzluninni Ilva sem stillti upp vernd til sýningar og kynningu á vetrarsporti frá Fjallakofanum auk listafólks með leikþætti og tónlist. Einnig hafa kvenfélagskonur komið saman til að sauma og þrjúna og fyrir nokkrum árum þrjúnaðu félagskonur húfur og færðu öllum leikskólabörnum sem voru að ljúka leikskólagöngu. Þá fara félagskonur árlega í vorferð ymist innanlands eða utan svo fátt eitt sé nefnt.



Halldóra Björk Jónsdóttir formaður Kvenfélags Garðabæjar og Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Garðabæjar



30 milljónir til kaupa á hugbúnaði sem rafvæðir sjúkraskrárgögn sem tengjast fósturhjártsláttarritum og sönamiðurstöðum og vistar þau miðlægt. Með þessum hugbúnaði er mögulegt koma í veg fyrir að konur séu sendar jafnvel langan veg til til frekari skoðunar og eykur um leið öryggi þeirra og barna í móðurkviði.

Næsti fundur verður 5. nóvember þar sem boðið verður upp á hið margrómaða hlaðborð að hætti félagskvenna, dagskrá verður auglýst síðar. Markmiðið er að hafa gaman saman, styrkja tengslanetið og leggja af mörkum til samfélagsins sem félagskonur hafa gert ótulllega frá byrjun. Félagfundir eru opnir fyrir allar konur í Garðabæ og hvetjum við konur til að mæta á fundi, kynna sér starfið og taka þátt. Fylgist með á <https://kvengb.is/> og <https://www.facebook.com/kvengb>

Kveðja frá stjórn Kvenfélags Garðabæjar



### Framfarir í krafti kvenna

Kvenfélög á Íslandi gegna mikilvægu starfi og hafa stuðlað að margvíslegum velferðarmálum í samfélaginu. Þar má nefna byggingu Landspítala snemma á síðustu öld og eru Hringkonur enn þá mikilvægur bakhjarl barnaspítalans. Flest framfaramál á Íslandi hafa verið unnin í krafti kvenna en með stofnun Barnavinafélagsins Sumargjafar árið 1924 hófst saga leikskólans á Íslandi og félagið hóf rekstur Fóstruskólans haustið 1946.

Kvenfélag Garðabæjar tók virkan þátt í söfnun Kvenfélagasambands Íslands (KÍ) í tilefni af 90 ára afmæli sambandsins Gjöf til allra kvenna á Íslandi sem hófst 1. febrúar 2020. Söfnuðust

eignaumsjon.is



## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á [thjonusta@eignaumsjon.is](mailto:thjonusta@eignaumsjon.is).

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800



HAUST

RESTAURANT

GLÆSILEGA AMERÍSKA JÓLAHLAÐBORÐIÐ SNÝR AFTUR.

**BIG AMERICAN**

★ ★ ★ ★ ★

# Christmas buffet

Njóttu jólanna með fjölskyldu og vinum á veitingastaðnum Haust Restaurant.

Graskerssúpa, sætkartöflumús með sykurpúðum, jólasíld, hunangsljáður svínahryggur, jólahús fyrir börnin, kleinuhringjavar, kalkúnn, nauta Wellington, innbökuð hnetusteik, pekanpæ og margt fleira.



**15.900 kr.\***

fimmtudags- til laugardagskvöld

**11.900 kr.\***

sunnudags- til miðvikudagskvöld

\*Frítt fyrir 5 ára og yngri  
og hálfvörð fyrir 6-12 ára



**Jólabrunch**

Alla fimmtudaga  
– sunnudaga frá  
15. nóvember

7.900 kr.\*

**Glæsilegt  
Jólahlaðborð**

Öll kvöld frá  
14. nóvember  
til og með  
1. janúar

Bókaðu borð á [haust@haustrestaurant.is](mailto:haust@haustrestaurant.is)  
Sjá nánar á [haustrestaurant.is](http://haustrestaurant.is)

Haust Restaurant | Fosshótel Reykjavík | Þórunnartúni 1



# Gestir gátu nælt sér í súrdeigsmóður úr ísskápnum

Fjölmenni þegar sýningin Örverur á heimilinu var opnuð í Hönnunarsafni Íslands

Það var margt um manninn þegar sýningin Örverur á heimilinu opnaði í Hönnunarsafni Íslands á dögunum. Gestir gátu nælt sér í súrdeigsmóður úr ísskápnum og tilraunadiskarnir með sælgæti sem líkist örverum vöktu mikla lukku.

Skyrið frá Bergþórshvoli sem fengið er að láni frá Þjóðminjasafni Íslands og fannst árið 1883 er oftast nefnt skyrið hennar Bergþóru. Ekki er vitað með vissu hvað skyrið er gamalt en að öllum líkindum er þetta skyr þó meðal elstu íslensku minja um samstarf mannfólks og örvera í eld-húsinu.

Sl. fimmtudaginn var boðiðboðið upp á dagskrá sem samanstóð af fyrirlestrum, smíðjum og smakki í tengslum við sýninguna.

Um sýninguna Örverur á heimilinu Þó heimur örvera sé að mestu hulinn augum okkar þá eigum við engu að síður í margskonar samstarfi við örverur innan sem utan líkamans. Talið er að meðalman-



Það var margt um manninn á Hönnunarsafni Íslands þegar sýningin Örverur á heimilinu var opnuð

eskjan sé samsett úr um 30 billjónum mannegra fruma en 38 billjónum örvera. Þannig má segja að mannlíkarnir sé afkastur af samstarfi ólíkra tegunda. Samstarf okkar við örverur á sér líka stað utan líkamans og teygir sig meðal annars inn á heimili okkar, til dæmis í formi moltugerðar og súrdeigsbaksturs.

Örverur á heimilinu er hluti af sýningar-röðinni Heimsókn á Hönnunarsafni Íslands. Hún leiðir okkur inn í samstarf mannfólks við þessar örsmáu félagsverur, sem er að finna í svo að segja öllum hornum heimilisins. Hún beinir kastljósinu að fjölbreyttri örveruflöru sem umlykur okkur og býr innra með okkur, því ólíka samstarfi sem við eigum við örverur í hversdeginum



og er ætlað að hvetja fólk til frekara samstarfs við örverur dags daglega.

Örverur á heimilinu er ein af afurðum þverfaglega rannsóknarverkefnisins Samlifi manna og örvera í daglega lífinu undir stjórn dr. Valdimars Tr. Hafstein. Verkefnið, sem staðið hefur undanfarin þrjú ár, leiðir saman þjóðfræðinga, mannfræðinga, næringarfræðinga og líffræðinga frá Háskóla Íslands og Matis.

Textilmiðstöð Íslands, Elin Margot, Matis, Þjóðminjasafnið og Tæknisetrið. Rannsakendur í Samlifi manna og örvera í daglega lífinu eru Áki G. Karlsson, Birna G. Ásbjörnsdóttir, Bryndís Eva Birgisdóttir, Eysteinn Ari Bragason, Helga Ögmundardóttir, Jón Þór Pétursson, Ragnheiður Maisól Sturludóttir, Sandra Smáradóttir, Signý Guðmundsdóttir, Sigurlaug Skirnisdóttir, Valdimar Tr. Hafstein og Viggó Þór Marteinsson.



Sýningarstjóri er Ragnheiður Maisól Sturludóttir, en sýningarhönnun og textagerð er unnin í samstarfi við Elinu Örnú Kristjánsdóttur og Ingibjörgu Sæðisi. Sýningin er einnig unnin í samstarfi við starfsfólk Hönnunarsafns Íslands, Melta, Biopol, Ístex,

Sýningin er styrkt af Rannís, Nýsköpunarsjóði námsmanna og NordForsk.

Sýningin stendur til 17. nóvember á Hönnunarsafni Íslands, Garðatorgi og er opið alla daga frá 12-17 nema mánudaga.



NÚ EINNIG FÁANLEGT Í HAGKAUP

**FUDGE PROFESSIONAL**

**CLEAN BLONDE DAMAGE REWIND**

VIOLET-TONING SHAMPOO

INSTANTLY ERASES YELLOW TONES & DAMAGE FROM BLONDE HAIR

30% STRONGER HAIR WITH OPTI-PLEX TECHNOLOGY

250ml e 8.4 fl.oz

**FUDGE PROFESSIONAL**

**CLEAN BLONDE DAMAGE REWIND**

VIOLET-TONING CONDITIONER

INSTANTLY ERASES YELLOW TONES & DAMAGE FROM BLONDE HAIR

30% STRONGER HAIR WITH OPTI-PLEX TECHNOLOGY

250ml e 8.4 fl.oz

**BURT MED GULA TÓNA**

UPPBYGGJANDI TVENNA SEM STYRKIR HÁRIÐ OG EYÐIR ÖLLUM GULUM TÓNUM ÚR LJÓSU OG GRÁU HÁRI

**FUDGE PROFESSIONAL**

# Það er stutt í veturinn og líka Nesdekk!

## Nesdekk Lyngás 8

Hjá sérfræðingum Nesdekk færðu dekkjaskipti og ráðleggingar við val á réttum dekkjum fyrir veturinn.

Tímamantanir á [nesdekk.is](http://nesdekk.is)



Harðskelja-  
dekk


Toyo  
GSI 6

Nankang  
Sw8

Pirelli  
Scorpion Winter 2



Skannaðu QR kóðann  
til að bóka tíma.



## Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á [nesdekk.is](http://nesdekk.is)

# Kvenfélagasamband Íslands þakkað fyrir höfðinglega gjöf til allra kvenna á Íslandi

Fimmtudaginn 26. september síðastliðinn afhentu Kvenfélagskonur, Gjöf til allra kvenna á Íslandi. Afhendingin fór fram á Sjúkrahúsinu á Akranesi.

Á meðal kvenfélagskvenna voru m.a. konur úr Kvenfélagi Garðabæjar sem gáfu og aðstoðuðu við söfnunina auk þess að vera í afmælisnefndinni.

Það var Björk Steindórsdóttir yfirljósmóðir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem tók formlega á móti gjöfinni, en Björk hefur stýrt innleiðingu og öllum samskiptum við fæðingarstaði og verið faglegur sérfræðingur í innleiðingu á verkefninu.

Björk sagði að það væri sérstaklega ánægjulegt að taka á móti svo stórrí og höfðinglegri gjöf. Gjöf sem konur í landinu væru að gefa konum landsins og fjölskyldum. Gjöfin eykur bæði gæði og öryggi skráninga og vistunar fósturhjartsláttarrita og niðurstöður úr ómskoðunum sem bætur tvímælalaust heilsuvernd kvenna um allt land.

Kvenfélagasamband Íslands sem var stofnað 1. febrúar 1930 fagnaði 90 ára afmæli sínu árið 2020. Í tilefni þess stóðu kvenfélög um allt land fyrir söfnun á tækjum og hugbúnaði því tengdu til handa öllum konum um landið allt. Búnaðurinn kemur

að notum við meðgöngu, fæðingu eða skoðana vegna kvensjúkdóma

Um er að ræða mónitora sem skrá fósturhjartslátt og ómtæki, nýja eða uppfærða eftir því sem við á, og rafrænar tengingar á milli landsbyggðar og Kvennadeildar Landspítalans. Búnaðurinn sem safnað var fyrir eru liður í auknu öryggi í greiningum og munu í mörgum tilfellum koma í veg fyrir að senda þurfi konur á milli landshluta vegna ýmissa óvissuþátta.

Með þessum hugbúnaði verður einnig vistun hjartsláttarrita rafrænn og er það stór þáttur í öryggi og aðgengi að ritunum. Þá



Á meðfylgjandi mynd eru: fv. Elinborg Sigurðardóttir, Guðrún Þórðardóttir, Dagmar Elín Sigurðardóttir, Björk Steindórsdóttir, Linda B. Sverrisdóttir, Þórný Jóhannsdóttir, Jenný Jóakimsdóttir og Ágústa Magnúsdóttir.

er alltaf hægt að nálgast þau í sjúkrahúsið meður. Pappírskotkun mun minnka mikið.

Kvenfélagskonur á Íslandi hafa verið bak-hjarlar Landspítalans frá stofnun hans og staðið fyrir söfnunum á peningum og tækjum sem hafa komið sér vel fyrir fjölmarga þegna landsins

Söfnunin stóð til 1. febrúar 2021 og söfnuðust samtals um 30 milljónir. Stærsti hluti framlaga í söfnunina kom beint frá Kvenfélögum víða um land. Einnig studdu fjölmörg fyrirtæki og almenningur söfnunina með beinum framlögum.

Innleiðingu á verkefninu var stýrt af starfshóp og var samstarf nokkurra stofnana og aðila: Kvenfélagasambands Íslands, Landspítala, embættis landlæknis, Félagsljósmæðra og fæðingarstaða á landsbyggðinni

Ákveðið var að velja Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi sem tilraunastað fyrir verkefnið og þar kláraðist innleiðing og opnað var á kerfið 13. júní 2024

Vegna heimsfaraldurs Covid meðan á söfnuninni stóð og eins vegna tæknilegra þátta sem komu upp við innleiðinguna á Akranesi tók uppsetning og innleiðing á tilraunastað lengri tíma en gert var ráð fyrir.

- Tímalína frekari innleiðingar:**  
 Vika 40 – Milou uppfært á LSH og Akranesi  
 Vika 41-42 – Uppsetning á Ísafirði  
 Vika 44 – Uppsetning á Neskaupsstað  
 Vika 46 – Uppsetning í Vestmannaeyjum  
 Vika 48 – Uppsetning í Keflavík  
 2025 – Uppsetning á Selfossi  
 2025 – Uppsetning á SAK

**Um Kvenfélagasamband Íslands:**  
 Kvenfélagasambandið er fjölmennasta kvannahreyfingin á Íslandi sem starfar á landsvísi. Innan sambandsins starfa 17 héraðssambönd, 154 kvenfélög og eru félagar um 4500 talsins. Nánar [www.kvenfelag.is](http://www.kvenfelag.is)  
 Nánar um söfnunina á [www.gjoftilallrakvenna.is](http://www.gjoftilallrakvenna.is) og nánari fréttir á [www.kvenfelag.is](http://www.kvenfelag.is)



Ánægðar kvenfélagskonur sem voru viðstaddir afhendinguna gjafarinnar á sjúkrahúsinu á Akureyri

## LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

## Útgjaldajöfnunarframlag til Garðabæjar nemur kr. 273.451.125 árið 2024



Ráðgert framlag til Garðabæjar, vegna reksturs grunnskóla er kr. 529.525.985 fyrir árið 2025

Á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag var lögð fram tillaga ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um endurskoðaða áætlun útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga árið 2024 á grundvelli nýrrar tekjuskeringar. Áætlað útgjaldajöfnunarframlag til Garðabæjar, vegna 2024 nemur kr. 273.451.125, en ráðgert útgjaldajöfnunarframlag ársins 2024 til Garðabæjar var áður áætlað kr. 259.855.118.

Einnig voru á fundinum lagðar fram tillögur ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um áætlaðar úthlutningar á árinu 2025.

**26.694.105 kr. vegna íslensku sem annað tungumál**  
 Í áætlun framlög vegna íslensku sem annað tungumál er ráðgert framlag til Garðabæjar kr. 26.694.105.

**133.011.823 kr í sérþarfar fatlaðra nemenda**  
 Í áætlun framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda er ráðgert framlag til Garðabæjar kr. 133.011.823.

Í áætlun um greiðslur almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla árið 2025 er ráðgert framlag til Garðabæjar, kr. 529.525.985

**Vefmiðill Garðapóstisins [kgp.is](http://kgp.is)**  
[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://Facebook.com/Gardaposturinn.is)  
[Instagram.com/Gardaposturinn](https://Instagram.com/Gardaposturinn)

Hröð og vönduð þjónusta.  
 Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

**OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR**  
 MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680



**Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi**



# Jólin þín byrja á veitingastað IKEA



**Hamburgarhryggur**  
með brúnuðum kartöflum,  
maís og rauðvínssósu

**1.695,-**



**Hangiskanki**  
með kartöflumús, uppstúfi,  
rauðkáli og grænum baunum

**1.995,-**



**Grænkera-Wellington**  
með brúnuðum kartöflum,  
rauðvínssósu og rauðkáli

**1.595,-**



**Hangikjöt**  
með kartöflum, uppstúfi,  
grænum baunum og rauðkáli

**1.495,-**

Kalkúnn á  
matseðli frá  
14. nóvember

Veitingastaðurinn er opin 11-19:30 alla daga  
Skoðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

